

eyðinguna á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs, en þriðjungur kostnaðar endurgreiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. 27

12. febr.

Á öðrum tímum árs skal eyðing fara fram eftir ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórnar eða fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar. Fer þá um greiðslu kostnaðar svo sem segir í 1. mgr.

3. gr.

Rottum skal eyða með eitrun eða á annan hátt, er heilbrigðisstjórnin ákveður. Við eitrun skal aðeins nota þær eiturtegundir, sem óskaðlegar eru mönnum og skepn- um, sem þyngri eru en eitt kílógramm. Þó getur heilbrigðisstjórnin leyft notkun sterk- ari eiturttegunda, þar sem rottufaraldur er mjög mikill eða erfiður viðfangs, svo sem í skipum, sorphaugum og afgirtum geymslusvæðum.

4. gr.

Þær einar eiturttegundir má nota og hafa til sölu, er heilbrigðisstjórnin hefur leyft. Um meðferð og notkun eiturs skal fara eftir þeim reglum, er nú gilda eða settar kunna að verða.

Rottueitur skal vera til sölu í lyfjabúðum og hjá héraðslæknum, þar sem ekki eru lyfjabúðir.

5. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir skulu árlega senda stjórnarráðinu skýrslur um eyðingu á rottum í sveitarfélaginu. Skal þar lýst eyðingarstarfinu, getið eiturttegunda og eitur- magns, kostnaðar og árangurs, ef kostur er.

6. gr.

Nú vanrækir bæjar- eða sveitarfélag að láta framkvæma eyðingu á rottum þrátt fyrir skipun heilbrigðisstjórnarinnar, og er heilbrigðisstjórninni þá heimilt að láta framkvæma eyðinguna á kostnað bæjar- eða sveitarfélagsins eingöngu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

28

12. febr.

um brunamál í Reykjavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam- bykki mínu:

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Reykjavík er í höndum bæjarstjórnar Reykjavíkur.

2. gr.

Bæjarráð Reykjavíkur hefur á hendi framkvæmd brunamála bæjarins, að svo miklu leyti sem hún er ekki falin slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra. Bæjarráð

28 skal hafa eftirlit með því, að framfylgt sé ákvæðum laga þessara og reglugerðar, 12. febr. er sett skal samkvæmt þeim.

3. gr.

Bæjarstjórn setur reglugerð um brunamál í Reykjavík, er ráðherra staðfestir. Í reglugerðinni skulu vera almenn ákvæði um:

1. Skipun slökkviliðs bæjarins og starfsreglur þess, einkennisfatnað og tæki þess.
2. Notkun vatns, þegar bruna ber að höndum.
3. Meðferð elds og ljóss.
4. Gerð og útbúnað reykháfa og eldfæra, hreinsun þeirra og eftirlit með þeim.
5. Öryggistæki í húsum.
6. Sérstakar varúðarráðstafanir í húsum, þar sem er óvenjumikil hættu af eldi vegna margmennis, sökum starfrækslu, sem þar á sér stað, eða af öðrum orsökum, svo sem í samkomuhúsum, skólum, sjúkrahúsum, barna- og elliheimilum, bifreiðaskýlum, verksmíðjum, vinnustofum og vörugymsluhúsum.
7. Geymslu á timbri.
8. Uppskipun, geymslu- og dreifingu eldfimra efna og sprengiefna.
9. Nú þykir ástæða til að kveða á um atriði í reglugerð, er eigi verður talið til neins töluliðar hér að framan, og skal þá eigi að síður heimilt að taka ákvæðið upp í reglugerðina, ef það er sambærilegt við þau ákvæði, sem talin eru í fyrri töluliðum þessarar greinar.

4. gr.

Slökkviliðsstjóranum í Reykjavík er heimilt að kveðja svo marga menn til aðstoðar við að slökkva eld sem hann telur þörf fyrir, og getur enginn skorast undan þeirri skyldu. Þeir, sem taka þannig þátt í slökkvistarfi, skulu inna það af hendi endurgjaldslaust, en hafa sama skaðabótarétt á hendur bæjarsjóði sem slökkviliðsmenn.

5. gr.

Sérhver, sem verður eldsvoða var, skal tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Vegfarendur skulu víkja úr vegi fyrir slökkviliðinu og stöðva ökutæki sín. Bifreiðarstjórum er skylt að aka slökkviliðsmanni á brunastað gegn venjulegu gjaldi.

6. gr.

Slökkviliðið hefur frjálsan aðgang að húsum og lóðum á brunastað og í nágrenni hans. Það hefur rétt til að láta ryðja í burtu mannvirkjum, svo sem húsum, girðingum og öðru, sem torveldað getur starf þess, og gera hverjar ráðstafanir aðrar, er stjórn þess telur nauðsynlegar til þess að slökkva eldinn eða hindra útbreiðslu hans.

Slökkviliðið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld bæjarbúa, sem til næst og að gagni geta komið við slökkvistarfið.

7. gr.

Það tjón, sem hlýzt af ráðstöfunum slökkviliðsins samkv. 6. gr., skal skoða sem brunatjón. Verði það ekki bætt af váttryggingarfélögum, skal bæjarsjóður bæta tjónið eftir samkomulagi eða samkvæmt mati tveggja óvilhallra manna, er borgardómari kveður til.

8. gr.

Lögreglusveit úr lögregluliði Reykjavíkur skal ávallt vera viðstödd bruna og aðalæfingar slökkviliðsins. Lögreglustjóri ákveður, í samráði við slökkviliðsstjóra, hve fjölmenn lögreglusveitin skuli jafnaðarlega vera.

9. gr.

28

12. febr.

Lögreglusveitinni er skylt að halda uppi aga og góðri reglu við bruna og æfingar. Hún skal, í samráði við slökkviliðsstjóra, sjá slökkviliðinu fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf fyrir áhöld sín, fjarlægja þaðan allt óviðkomandi fólk og taka í sína umsjá muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

10. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerð, er sett verður samkvæmt þeim, skal fara sem opinber lögreglumál. Brot varða sektum, allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum.

Sektarfé rennur í bæjarsjóð Reykjavíkur.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 20 15. okt. 1875, um brunamál í Reykjavík.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

29

12. febr.

um breyting á lögum um orlof, nr. 16 26. febr. 1943.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

19. gr. laganna orðist þannig:

Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi sæta almennri meðferð einkamála, þó þannig, að nægilegt er, að dómari leiti þar sátta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.